

Til stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs

Tillaga til ályktunar

Óskast borið upp á ársfundi
Gildis-lífeyrissjóðs 15. apríl 2021


Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2021 ályktar að fela stjórn sjóðsins að leita leiða til að lækka kostnað vegna umsýsluþóknana við erlendar fjárfestingar. Skal í því sambandi hefja viðræður við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun stýrihóps um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta sameiginlega stefnu um erlendar fjárfestingar og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.

Greinargerð:

Fjárfestingar erlendis eru gríðarlega áhættusamar. Tillögunni er ætlað að sameina þekkingu og krafta sjóðanna við erlendar fjárfestingar. Þá er henni einnig ætlað að draga úr umsýslukostnaði vegna þeirra sem nema milljörðum á ári hverju. Má í því sambandi nefna að Gildi greiddi á árinu 2019 1,3 milljarða í umsýsluþóknun vegna erlendra fjárfestinga. Upphæðin er um 40% hærri en sem nam rekstrarkostnaði sjóðsins það árið.

Það er sameiginlegt hlutverk lífeyrissjóða að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Af þeim sökum fæst ekki séð að tillagan rekist að neinu leyti á ákvæði samkeppnislaga.

Reykjavík, 7. apríl 2021



framkvæmdastjóri,
sjóðfélagi og fulltrúi í
fulltrúaráði Gildis-lífeyrissjóðs